

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2528
komudagur 6.5.2008

Gunnarsholti, 5. maí 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landeyjahöfn, 520. mál, heildarlög

Umsögn Landgræðslu ríkisins fjallar um hvort frumvarp til laga um Landeyjahöfn fjalli á fullnægjandi hátt um nauðsynlegar uppgræðsluáðgerðir vegna framkvæmdarinnar og hvort hlutverk Landgræðslu ríkisins í framkvæmdinni sé skýrt afmarkað.

Lagt er til að bætt verði aftan við 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins og hljóð greinin svo:

Eignum og tekjum Landeyjahafnar má aðeins verja í viðhald og rekstur hafnarinnar, svo og til landgræðslu skv. 5. gr.

Með því að bæta því við grein þessa að nýta megi fjármagn til uppgræðslu Bakkafjöru er hér opnuð eðlileg leið til að hraða megi uppgræðsluframkvæmdum á því svæði er tilgreint er í 5. gr. Það hlýtur að vera öllum aðilum, bæði eigendum hafnarinnar sem og þeim er þangað leggja leið sína, keppikefli að græða megi upp þá sanda er á svæðinu eru með sem skjótvirkustum hætti. Að mati undirritaðs er uppgræðsla á svæðinu afar brýn, enda getur fok af ógrónum sandinum valdið bæði mannvirkjum, sem og farartækjum talsverðu tjóni. Þetta brýna verkefni er þó talsvert kostnaðarsamt og er tillaga þessi til þess fallin að til staðar sé sá möguleiki að nýta laust fjármagns til þess.

Landgræðslan leggur til eftirfarandi viðbót við efni 1. mgr. 5. greinar frumvarpsins:

Landeiganda er skylt að heimila uppgræðslu sands á Bakkafjöru sem nauðsynleg er að mati Siglingastofnunnar Íslands og Landgræðslu ríkisins til að hefta sandfok við Landeyjahöfn og aðkomuvegi að höfninni án þess að til komi bætur. Mörk landgræðslusvæðis eru frá stórstraumsfjöruþorði í suðri, Bakkaflogvelli og upp að Álunum í norðri, Markarfljóti í austri og vatnsleiðslu Vestmanneyjabæjar í vestri. Landgræðsla ríkisins hefur yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd uppgræðslu vegna landgræðslusvæðis þessa.

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum nr. 17/1965 um landgræðslu. Samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laganna skal Landgræðsla ríkisins annast sandgræðslu, en hún felst í heftingu jarð- og sandfoks, sem og græðslu gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða. Sú viðbót sem hér er lögð til er til þess fallin að ljóst sé að það sé Landgræðsla ríkisins sem hafi umsjón með framkvæmdum þeim er í frumvarpinu eru áætlaðar, enda er það í samræmi við lögbundið hlutverk stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.